

# SKIPULAGSSKRÁ

## ABC barnahjálpar á Íslandi.

### I. KAFLI

#### 1. gr.

##### *Skilgreining og heiti, heimili og varnarþing.*

ABC barnahjálpar á Íslandi er sjálfseignarstofnun með heimili og varnarþing í Reykjavík, Íslandi.

ABC barnahjálpar á Íslandi starfar undir regnhlíf ABC barnahjálpar International sem er með höfuðstöðvar á Íslandi, og starfar skv. skipulagsskrá ABC barnahjálpar International.

#### 2. gr.

##### *Eðli ABC.*

ABC barnahjálpar er byggð á kristnum gildum með kærleiksboðorðin í huga um að okkur beri að elska náungann eins og okkur sjálf og bera hvers annars byrðar þannig að við sýnum í verki að Guð er faðir föðurlausra og að hann réttir þeim hjálparhönd sem eru þurfandi og þjáðir.

#### 3. gr.

##### *Tilgangur ABC.*

Tilgangur ABC barnahjálpar á Íslandi er að styðja fólk, einkum börn og unglinga, til sjálfbærni. ABC barnahjálpar á Íslandi má láta neyðarhjálpar til sín taka, einkum ef það er þáttur í að ná fyrrgreindu markmiði.

#### 4. gr.

##### *Hvernig tilgangi skal náð.*

Tilgangi sínum hyggst ABC barnahjálpar á Íslandi ná með því að taka að sér verkefni sem ABC barnahjálpar International hefur samþykkt og forgangsraðað. Í því sambandi mun ABC barnahjálpar á Íslandi leita eftir samstarfi og stuðningi allra sem vilja leggja starfinu lið. Nánar tiltekið felast verkefni í eftirfarandi:

Að mennta börn og með fræðslustarfsemi ýmiss konar sem er eitt meginverkefna ABC barnahjálpar International.

Að eiga samstarf við heimamenn í hverju landi þar sem starfað er.

Að eiga samstarf við ABC barnahjálpar International, m.a. um að byggja heimavistir fyrir börn, skóla og barnaheimili svo og að kaupa land undir slíka starfsemi.

Að koma með óskir og tillögur um verkefni.

Að safna stuðningsaðilum fyrir þurfandi börn í þeim löndum sem ABC barnahjálpar International starfar. Þetta er meginverkefni ABC barnahjálpar á Íslandi.

Að reka skrifstofu og sjá um utanumhald stuðningsaðila og styrktarbarna. Hlutverk skrifstofu er að veita stuðningsaðilum upplýsingar, auðvelda stuðningsaðilum að greiða styrktarframlög, sjá um bókhald o.s.frv.

Að laða sjálfboðaliða að til að sinna starfinu á þeim sviðum þar sem það er mögulegt.

Að afla fjár með því að leita eftir frjálsum framlögum og ýmiss konar fjárflyunarstarfsemi.

## 5. gr.

*Rekstur stofnunarinnar.*

Samhliða starfsemi ABC barnahjálpar á Íslandi skal vera starfandi vinafélag ABC sem mun leitast við að kosta rekstur starfsins á Íslandi.

ABC barnahjálpar á Íslandi skal hafa aðskilda reikninga fyrir rekstur starfsins annars vegar og hins vegar fyrir framlög til styrktarbarna og verkefna.

ABC barnahjálpar á Íslandi skal millifæra söfnunarfé og framlög vegna styrktarbarna inn á sérstakan gjaldeyrisreikning ABC barnahjálpar International á Íslandi merktan ABC barnahjálpar á Íslandi. ABC barnahjálpar International mun síðan senda fjármunina áfram til viðkomandi landa.

ABC barnahjálpar á Íslandi skal senda ársreikning stofnunarinnar til ABC barnahjálpar International ár hvert og fá á móti fréttir af starfinu og endurskoðað yfirlit yfir gjaldeyrisreikninginn og ráðstöfun fjár af honum.

## II. KAFLI

## 6. gr.

*Stjórn stofnunarinnar.*

Æðsta vald í málefnum stofnunarinnar er stjórn hennar og ber hún ábyrgð á fjárvörslu hennar.

Ef ABC barnahjálpar á Íslandi áskotnast á einhvern hátt fasteignir eða önnur verðmæti þá þarf samþykki 5 stjórnarmanna til að selja þau eða veðsetja.

Stjórnin skal skipuð 7 stjórnarmönnum og 3 til vara. Skulu varamenn taka sæti í fyrirfram ákveðinni röð. Stjórnarmenn þessir voru upphaflega valdir af undirbúningshópi. Stjórnin sér sjálf um að endurnýja sig.

Stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára í senn.

Heimilt er að endurkjósa stjórnarmenn eins oft og þurfa þykir en þó skal leitast við að endurnýja stjórnina með því að skipta út stjórnarmanni fyrir nýjan ekki sjaldnar en á tveggja ára fresti.

Meirihluta stjórnar þarf til að samþykkja nýjan mann í stjórn.

Til að víkja manni úr stjórn þarf atkvæði fimm stjórnarmeðlima.

Stjórnarmenn skulu ekki þiggja laun hjá stofnuninni fyrir stjórnarstörf.

Stjórn ABC barnahjálpar International hefur vald til þess að leysa upp stjórn ABC barnahjálpar á Íslandi og að koma á nýrri stjórn í hennar stað, telji hún að hugsjón ABC barnahjálpar eða skipulagsskrá þessari sé ekki framfylgt, svo og af öðrum ástæðum sem stjórn ABC barnahjálpar International telur réttmætar.

## 7. gr.

*Stofnfé og stofnendur.*

Stofnfé ABC barnahjálpar á Íslandi að upphæð 700.000 kr. er ávaxtað á hávaxtareikningi og var upphaflega lagt fram af stofnendum.

Stofnendur stofnunarinnar voru Georg Ólafur Tryggvason, Guðfinna Björnsdóttir, Guðrún Margrét Pálsdóttir, Halldór Gunnar Halldórsson, Halldór Pálsson, Hannes Lentz, Hjalti Gunnlaugsson og Ólafur Gränz.

## 8. gr.

*Stjórnarfundir og boðun þeirra.*

Stjórnarfundir eru lögmatir þegar fjórir stjórnarmenn mæta og löglega er til þeirra boðað. Á stjórnarfundum ræður meirihluti atkvæða og hefur stjórnarformaður oddaatkvæði.

Boða skal til stjórnarfundar með 6 daga fyrirvara og telst hann þá löglega boðaður. Stjórnarfundur er löglegur ef allir mæta þrátt fyrir skamman fyrirvara. Formaður stjórnar má boða stjórnarfundum með skemmri fyrirvara telji hann ákvörðun ekki þola bið.

## 9. gr.

*Kynningarfundir.*

Á hverju ári skal haldinn kynningarfundur um starf ABC barnahjálpar á Íslandi. Hann skal vera auglýstur og opinn almenningi. Á þeim fundi skulu ársreikningar kynntir.

## 10. gr.

*Verkaskipting stjórnar.*

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

## 11. gr.

*Fundargerð stjórnar.*

Stjórnin skal halda fundargerðir þar sem fram skulu koma allar ályktanir, ákvarðanir og niðurstöður stjórnarinnar.

## III. KAFLI

## 12. gr.

*Breytingar á skipulagsskrá.*

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema með samþykki að lágmarki fimm stjórnarmanna og jafnframt samþykki stjórnar ABC barnahjálpar International.

Breytingar á skipulagsskrá þessari þarfnast samþykkis sýslumannsembættisins á Sauðárkróki.

## IV. KAFLI

## 13. gr.

*Endurskoðun.*

Samkvæmt lögum fer Ríkisendurskoðun með endurskoðun fyrir ABC barnahjálpar á Íslandi. Stjórn stofnunarinnar skal engu að síður láta löggiltan endurskoðanda árita ársreikninga.

## 14. gr.

*Upplýsingar um fjármál.*

Stjórn ABC barnahjálpar á Íslandi skal tryggja að almenningur fái ávallt öruggan aðgang að upplýsingum um fjármál stofnunarinnar með gerð ársreiknings, upplýsingum á heimasíðu og fréttatilkynningum eða útgáfu fréttabréfs. Ársreikningar skulu jafnframt liggja frammi á skrifstofu ABC barnahjálpar á Íslandi.

Skylt er stofnuninni að upplýsa um hvernig verðmæti sem henni hlotnast eru metin til fjár og eftir hvaða aðferðum hún flokkar útgjöld í rekstrarútgjöld og hjálparstarf.

## V. KAFLI

## 15. gr.

*Bókhald.*

Stofnunin skal halda bókhald og semja ársreikninga samkvæmt gildandi bókhaldslögum. Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

16. gr.

*Niðurlagning stofnunarinnar.*

ABC barnahjálpar á Íslandi verður ekki lögð niður nema með samþykki fimm stjórnarmanna á löglega boðuðum fundi og með samþykki stjórnar ABC barnahjálpar International. Niðurlagning stofnunarinnar þarfnast samþykkis sýslumannsembættisins á Sauðárkróki.

17. gr.

*Staðfesting skipulagsskrárinnar.*

Skipulagsskrá þessi tekur gildi við samþykki stjórnar ABC barnahjálpar á Íslandi og sýslumannsembættisins á Sauðárkróki og fellur þá eldri skipulagsskrá starfsins úr gildi.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 23. maí 2007,*

**Kristján Baldursson** ftr.

---

B-deild – Útgáfud.: 28. júní 2007